

AMÍ 2019 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi 2019 (AMÍ) verður haldið í Reykjanesbæ dagana 21-23. júní. Keppt verður í Vatnsveröld. Boðið verður upp á gistingu í Myllubakkaskóla en skólinn er í um 10 mín göngufæri við sundlaugina. Eins og venja er með sundmót þarf fólk að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur verður einnig framreiddur í Myllubakkaskóla. Lokahóf fer fram í Stapanum.

Í boði er eftirfarandi AMÍ pakki:

Fullur pakki á 25.000.-

- Gisting frá og með fimmtudagskvöldi 20.júní til mánudags 24.júní.
- Matur frá fimmtudagskvöldi fram til mánudagsmorguns 24. júní
- Lokahóf
- AMÍ bolur

Gisti- og fæðispakkar standa einnig dómurum til boða.

Athugið að einnig verður hægt að kaupa stakar máltíðir og miða á lokahóf á meðan á móti stendur. Stakar máltíðir kosta 1500.- og miði á lokahófið kostar 6000.-.

Skráning í mat og gistingu

Skráningar í AMÍ pakka skulu berast Sundráði ÍRB í tölvupósti á netfangið gjaldkeri.sk@gmail.com fyrir 10.júní.

Skráningum skal skila á meðfylgjandi [link](#) [Skráningarsíða](#)

en þar þarf einnig að koma fram fjöldi bola í hverri stærð. Greiða þarf fyrir AMÍ pakkana í seinasta lagi 19 júní.

Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar verða afhentir frá 16:00 - 20:00 í Myllubakkaskóla fimmtudaginn 20.júní og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka). Greiðslur skulu berast inná reikning 0121-15-201525 kt 480310-0550

Öllum spurningum varðandi ofangreindar upplýsingar skal beina á gjaldkeri.sk@gmail.com

Það verður hægt að nálgast frekari upplýsingar um mótið á heimasíðu Sundráðs ÍRB <http://www.keflavik.is/sund/> og á sérstakri Facebooksíðu AMÍ 2019 þegar nær dregur mótinu. Einnig er fólki bent á að skoða heimasíðu Reykjanesbæjar , en þar er meðal annars hægt að sjá hvað verður í boði til afþreyingar þá daga sem mótið fer fram.

Hlökkum til að sjá ykkur

Sundráð Írb